

Menningarstyrkir Vesturbyggðar
til greiðslu á álögðum fasteignagjöldum

REGLUR

Eigendur húsa, sem eru friðuð samkvæmt skilgreiningu Minjastofnunar Íslands eða þau hafa menningarsögulegt gildi og/eða falla undir varðveisluverðar eignir samkvæmt húsakönnun Vesturbyggðar, geta sótt um styrk til greiðslu á álögðum fasteignagjöldum af húseignum sínum.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að til standi að endurbæta og/eða að staðið hafi verið að endurbótum eða endurbyggingu viðkomandi eigna.

Umsóknum skal skilað til bæjarskrifstofu Vesturbyggðar eigi síðar en 30 dögum eftir fyrsta gjalddaga fasteignagjalda ár hvert. Umsókn skal fylgja staðfesting á friðun hússins samkvæmt skilgreiningu Minjastofnunar Íslands og/eða nákvæmar upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur á húsinu ásamt tímaáætlun verksins.

Bæjarráð metur umsóknir og ákveður styrkhæfi þeirra. Mest getur styrkveiting orðið til 3ja ára og að hámarki 300.000 kr. á ári. Skilyrði fyrir styrkveitingu til greiðslu fasteignagjalda er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur á húsinu. Möguleg styrkfjárhæð verði metin í hlutfalli við endurbætur en hún má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af heildarkostnaði við endurbæturnar (innan húss og utan húss).

Líta skal á styrki til greiðslu fasteignagjalda samkvæmt ofangreindum reglum sem framlag og/eða hvatningu til endurbóta á eldra húsnæði í sveitarfélaginu.

Standi umsækjandi ekki við samning um endurbætur á viðkomandi eign, sem styrk hefur hlotið til greiðslu fasteignagjalda, þá verða álögð fasteignagjöld allt styrktímabilið innheimt að fullu.

Reglur þessar voru samþykktar á 20. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 21. Janúar 2026